





Hólmsheiðarvegur 151 – Fyrirspurn til skipulagsfulltrúa

Lögð fram fyrirspurn Guðjóns Þórs Sigfússonar, dags. 12. febrúar 2025, ásamt bréfi VGS verkfræðistofu, dags. 12. febrúar 2025, um að breyta notkun hússins á lóð nr. 151 við Hólmsheiðarveg úr geymsluhúsnæði í geymslu- og skrifstofuhúsnæði.



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040



Deiliskipulag/ Hverfisskipulag.



Lofmynd af svæðinu

Skipulag í gildi

Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda þann 18. janúar 2022. Skv. aðalskipulaginu tilheyrir lóðin iðnaðarsvæðinu Geitháls sem er staðsett innra græna trefilsins.

Deiliskipulag/ Hverfisskipulag: Í gildi er deiliskipulag fyrir athafnasvæði Landsnets, samþykkt 10.01.2007 ásamt síðari breytingum.

Í deiliskipulaginu er byggingareitur fyrir geymsluhúsnæði Neyðarlínunnar. Samkvæmt sprunguathugun liggur sprunga um hluta byggingareitsins en byggingareitur er rúmur og gert er ráð fyrir að byggja á sprungufríum hluta reitsins.

Hámarksbyggingarmagn er 700 m².

Umsögn

Óskað er eftir afstöðu skipulagsfulltrúa á því að breyta núverandi notkun á húsi úr geymsluhúsnæði í skrifstofu -og geymsluhúsnæði. Grunnskilgreining svæðis er iðnaðarsvæði og þar er ekki útilokað að vera með skrifstofuhúsnæði og geymslur.

Niðurstaða

Ekki er gerð skipulagsleg athugasemd við erindið.

Vakin er athygli á að fyrirspurn um afstöðu skipulagsfulltrúa til erindis byggir á innsendum gögnum og verður ekki lögð að jöfnu við formlega umsókn og svar í slíku tilfalli getur eðli máls samkvæmt ekki talist stjórnvaldsákvörðun. Afgreiðsla skipulagsfulltrúa á fyrirspurnum felur því ekki í sér lokaákvörðun og veitir ekki heimild til framkvæmda.